

**Ed.**

**43. Frumvarp til laga**

um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.

Flm.: Pétur Magnússon.

1. gr.

Heimild sú, sem með lögum 3. jan. 1890 er veitt kaupstöðum landsins til að gera lögreglusamþykktir, skal ná til allra sýslufélaga á landinu. Viðkomandi sýslunefnd semur frumvarp til samþykktarinnar, og skulu í henni vera ákvæði um það, hvernig greiða skuli gjöld þau, er samþykktin hefir í för með sér. Sýslumaður sendir síðan frumvarpið til dómsmálaráðuneytisins, er því næst gefur samþykktina út, ef það telur hana til þess hæfa. Nú gerir ráðuneytið breytingar á frumvarpinu, og skal þá leggja þær fyrir sýslunefndina til álita. Þær breytingar, sem sýslunefnd fellst eigi á, má ekki setja í samþykktina. Að öðrn leyti fer um efni samþykktarinnar, staðlegt gildi, viðurlög, birtingu og breytingar, sem segir fyrir um í framannefndum lögum.

2. gr.

Samþykktir þær, sem settar hafa verið fyrir einstök hreppsfélög samkv. lögum nr. 18 20. okt. 1905, eða lögum nr. 26 8. sept. 1931, skulu gildi halda, unz lögreglusamþykkt hefir sett verið fyrir það sýslufélag, sem hreppurinn er í.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 18 20. okt. 1905 og lög nr. 26 8. sept. 1931.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum er hverju hreppsfélagi heimilt að setja hjá sér lögreglusamþykkt, með samþykki sýslumanns og stjórnarráðs. Hinsvegar er engin samskonar heimild til fyrir sýslufélög. Þetta virðist óhentug tilhögun. Viða geta sömu ákvæði lögreglusamþykktar átt við fyrir alla hreppa sýslunnar. Eru þá óþörf umsvif að setja samþykkt fyrir hvern hrepp. Hinsvegar vandkvæðalaust að setja sérákvæði fyrir einstök hreppsfélög, ef þurfa þykir. Auðveldara gæti og verið um lögreglueftirlit o. fl., ef samþykkt er gerð fyrir sýsluna í heild, heldur en að hver hreppur sé út af fyrir sig.